

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Mentorverkefnið Vinátta (UPP183) Kennsluáætlun (veturinn 2010-2011)	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Ásdís Birgisdóttir	Sk.st.	ÁSB
----------------	--------------------	---------------	-----

Orðið mentor er alþjóðlegt og er notað um leiðbeinanda sem aðstoðar yngri, óreyndari aðila við að víkka sjóneldarhringinn. Mentorverkefnið Vinátta byggir á þeirri hugmyndafræði að samskipti barns og mentors séu jákvætt innlegg í líf barnsins því mentorinn verði barninu fyrirmynd og veiti því stuðning. Tengslin sem myndast milli mentors og barns geti því bætt við möguleika barnsins við mótun sjálfsmýndar sem komi fram m.a. í auknum námsáhuga og árangri auk aukinnar lífsleikni. Þessi tengsl skapar mentorinn fyrst og fremst með því að skipuleggja uppbyggjandi og skemmtilegar samverustundir í samráði við barnið og foreldra þess. Áhersla er lögð á gagnkvæman ávinning og hagsmuni samfélagsins í heild af því að börn og ungmenni kynnist og læri af aðstæðum hvers annars.

Í mentorverkefninu Vinátta, UPP183, eru gerðar kröfur til nemenda um að þeir setji sér skýr markmið, sýni frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og séu skapandi í hugsun. Kennarinn hefur leiðbeinandi hlutverk sem felst í að leiða nemendur áfram, byggja upp rétt andrúmsloft þar sem ríkir gagnkvæm virðing, traust og stuðningur.

Markmið áfangans er að nemendur:

- Vinni að velferð barna og öðlist víðtæka reynslu í samskiptum við börn
- Auki skilning á stöðu sinni og annarra í samfélaginu
- Fá tækifæri til að verða fyrirmynd og jákvætt afl í lífi grunnskólabarns
- Fá þjálfun í að setja sér markmið í námi
- Þjálfist í að meta eigin frammistöðu á gagnrýnin hátt
- Sýni sjálfstæði í vinnubrögðum

Vinnulag:

Nemendur (mentorar) verja þremur stundum á viku með grunnskólabarni í 4. bekk. Nemendur skila dagbókum þar sem samvistir nemenda og barna eru skráðar sem og mat nemenda á því hvernig samskiptin ganga.

Nemendur mæta í einstaklins- og hópviðtöl til kennara og þeir **eru boðaðir á fundi skriflega í tölvupósti. Því er nauðsynlegt að skoða tölvupóstinn sinn reglulega.** Þá þurfa nemendur einnig að mæta á sameiginlega fundi sem skipulagðir eru af kennara og verkefnisstjórn (námskeiðsdagur, upphafsdagur, óvissufundur, lokahátíð). Upplýsingar um þessa viðburði eru sendar í tölvupósti til nemenda.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
Mentorverkefnið Vinátta (UPP183)		
Kennsluáætlun (veturinn 2010-2011)		

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt		
Verklegt		
Skyndipróf		
Frammistaða á önn	Viðvera og þátttaka á hópfundum	10%
Munnlegt		
Annað	Samvera með skólabarni	50%
	Dagbækur	20%
	Ferilmappa	20%

Dagbók – skiladagar:

Dagbókareyðublöð finnið þið á heimasíðunni www.kvenno.is/vinatta undir kennslugögn.


Skiladagar:

1. dagbók 18. október 2010
2. dagbók 15. nóvember 2010
3. dagbók 8. desember 2010
4. dagbók 31. janúar 2011
5. dagbók 28. febrúar 2011
6. dagbók 28. mars 2011

Ferilmappa skil 2. maí 2011

Nemendur þurfa að standast alla ofangreinda þætti til að ljúka námskeiðinu.

Dagsetning:

 26/8 '10 / Þorsteinn Krüger

Undirritun kennara Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils